

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um þróun aflamarks og veiðar smábáta.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur verið hlutfallsleg þróun í kvótasettum fisktegundum í einstökum verstöðvum og kjördæmum (gömlu kjördæmin) frá fiskveiðiárinu 1999/2000 til fiskveiðiáramótanna 2003/2004, að báðum árum meðtöldum?
2. Hver hefur verið hlutfallsleg þróun aflamarks krókaafلامarksbáta á sama tímabili? Óskað er eftir að svarið miðist við landaðan afla þorskaflahámarksbáta fyrir kvótasetningu á ýsu, ufsa, steinbít og fleiri fisktegundum.
3. Hvernig skiptist handfæraafli sóknardagabáta niður á útgerðarstaði sl. fimm fiskveiðiár?
4. Hversu mikið af lönduðum afla handfærabáta á hverjum útgerðarstað er af bátum með heimahöfn á viðkomandi útgerðarstað sömu fimm ár?
5. Hvernig skiptist afli krókaafلامarksbáta niður á útgerðarstaði sömu ár?
6. Hversu miklu er landað af heimabátum í krókaafلامarkum á þessum stöðum sömu ár?

Skriflegt svar óskast.